

Starfsgreinasamband Íslands  
Guðrúnartúni 1  
105 Reykjavík

Reykjavík, 9. desember 2021  
Tilvísun: 202110-0124/3.01.01

**Efni: Afstaða Vinnueftirlitsins vegna álags á starfsfólk í vinnu við ræstingar og mælikvarða á vinnuhraða.**

Vinnueftirlitið vísar til erindis Starfsgreinasambands Íslands, dags. 14. október 2021, þar sem óskað var eftir afstöðu og viðbrögðum Vinnueftirlitsins vegna álags á starfsfólk í vinnu við ræstingar og hvort mælikvarði um mismunandi vinnuhraða, í fylgiskjali I við bókun við kjarasamnings sambandsins og Samtaka atvinnulífsins frá 1. apríl 2019, er í samræmi við lög nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum (framvegis ritað vinnuverndarlög).

Vinnuverndarlögin gera kröfu um að fram fari áhættumat vegna allra starfa fyrirtækis og gripið verði til aðgerða í því skyni að útiloka eða lágmarka hættuna eins og kostur er. Við gerð áhættumats samkvæmt vinnuverndarlögunum er lögð megináhersla á verkefnin og vinnuumhverfið.

Vinnueftirlitið hefur farið yfir gögnin sem send voru. Í mælikvarðanum um vinnuhraða starfsfólks í vinnu við ræstingar virðist verða lögð aðaláhersla á manneskjuna fremur en verkefni eða vinnuumhverfi hennar. Orðalagið er einnig fremur gildishlaðið varðandi starfsfólk, hreyfigetu og hugræna færni. Vinnuhraði er mjög misjafn á milli fólks og verður ekki séð að störf við ræstingar og þrif ráðist af gönguhraða, skreflengd, hæð eða öðrum persónulegum einkennum. Þar sem hraði er áhættuþáttur í starfi telur Vinnueftirlitið það mjög slæman mælikvarða á vinnu fólks.

Það er því mat Vinnueftirlitsins að vinnuhraði sé ekki góður mælikvarði þegar metið er álag starfsfólks í vinnu og er frekar til þess fallið að ýta undir stoðkerfisvanda, streitu, vanlíðan, slysaþættu og veikindafjarvistir.

Þeir þættir sem vega þungt í mati um álag við ákveðin störf og vinnuumhverfis eru m.a. eftirfarandi:

1. Aðstaða og búnaður  
Skiptir miklu máli. Hvað er starfsfólkid með af búnaði og er hann nægilega góður? (t.d. stillanlegur, léttur, trillur á hjólum, ræstivagnar á hjólum, þurfa þau að draga eithvað eins og ryksugu eða er ryksuga á baki?)
2. Skipulag húsnæðis  
Skipulag vegur þungt í mati á afköstum starfsfólks. Eru t.d. mikil þrengsli? (er erfitt að athafna sig, rekast sköft eða ryksugur í veggi, eru þróskuldar?) Er mikjöld

um tröppur og stiga (eða er húsnæðið allt á einni hæð)? Hver er fjöldi rýma; þarf að fara inn og út úr mörgum herbergjum?

3. Er vinnustaðurinn staðbundinn eða er keyrt á milli með búnað? Hvernig er þá farartækið (er pláss fyrir búnað, er góð vinnuaðstaða við að taka búnað út úr bíl og setja inn í hann, er búnaður léttur og meðfærilegur, hver er tíminn sem að tekur að ferðast á milli staða - er hann nægjanlegur?) Hver er kaffi- og mataraðstaða starfsfólks sem hefur ekki fasta starfsstöð?
4. Hvíld - regluleg hlé. Mikið líkamlegt álag fylgir þrifum og ræstingum og því er mikilvægt að starfsfólk fái hvíld. Einnig þarf að huga að fræðslu í líkamsbeitingu við störfin; þar sem standandi vinna reynir á fótleggi, hné og fætur. Algengt er að sjá axlar- og bakvandamál þar sem áreynsla á þau svæði eru mikil.
5. Fræðsla og leiðbeiningar í upphafi starfs og þá er það verklag, notkun tækja og líkamsbeiting sem skiptir mestu.

Að teknu tilliti til þess sem áður hefur komið fram þá telur Vinnueftirlitið að mælikvarði um mismunandi vinnuhraða sem fram kemur í fylgiskjali I við bókun við kjarasamning Starfsgreinasambandsins og Samtaka atvinnulífsins frá 1. apríl 2019, sé ekki í samræmi við markmið vinnuverndarlaganna og góða vinnuvernd. Mælt er með því að þegar mat er lagt á álag starfsfólks í vinnu verði verkefni og vinnuaðstæður starfsfólks tekið til sérstakrar skoðunar.

Virðingarfullst  
f.h. Vinnueftirlitsins,

  
Fríða María Ólafsdóttir  
Sérfræðingur í eftirliti

  
Elsa Jónsdóttir  
Lögfræðingur